

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 2009 í máli nr. S-771/2009:

Ákærvaldið

(Hulda X Björgvinsdóttir settur saksóknari)

gegn

X

(Jón Egilsson hdl.)

Árið 2009, 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Harðardóttur, settum héraðsdómara, sem dómsformanni, og héraðsdómurunum Arngrími Ísberg og Guðjóni St. Marteinsyni, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 771/2009: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms í þinghaldi hinn 22. september sl.

Málið er höfðað samkvæmt ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 13. júlí sl., á hendur X, kt. ..., ..., Reykjavík, fyrir rangar sakargiftir og rangan framburð, með því að hafa með rangri kæru og með röngum framburði fyrir lögreglu á höfuðborgarsvæðinu þann 4. og 6. nóvember 2008, þann 1. desember sama ár og þann 5. mars 2009 og með röngum framburði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 7. nóvember 2008, leitast við að koma því til leiðar að Z, kennitala ..., P, kennitala ..., Y, ... og A, kennitala ..., yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn ákærðu. Ákærða lýsti því ranglega fyrir lögreglu aðfaranótt 4. nóvember 2008 að þeir hefðu nauðgað henni í húsi ofan við Sundahöfn í Reykjavík. Ítrekaði hún framburð sinn í framangreindum skýrslutökum en kvaðst telja að P hafi ekki haft við hana kynmök. Með þessu kom ákærða því til leiðar að P, Y og A voru handteknir aðfaranótt 4. nóvember og Z síðar sama dag og fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem þeir voru hafðir í haldi fram eftir degi og yfirheyrðir um sakarefnið auk þess sem þeir gengust undir líkamsrannsókn og voru síðan úrskurðaðir í gæsluvarðhald sem þeir þurftu að sæta til 6. nóvember.

Telst háttsemi ákærðu varða við 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Z er krafist skaðabóta að fjárhæð 1.192.975 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. nóvember 2008 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 5. apríl 2009.

Af hálfu A er krafist skaðabóta að fjárhæð 500.000 krónur auk vaxta frá því að hið bótaskylda atvik átti sér stað í samræmi við II. kafla laga nr. 38/2001, en III. kafla sömu laga frá því að mánuður var liðinn frá dagsetningu bótakröfunnar. Þá er krafist skaðabóta vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu að fjárhæð 138.195 krónur. Er gerður áskilnaður um hækkun málskostnaðarkröfu komi til aðalmeðferðar.

Af hálfu Y er krafist miskabóta að fjárhæð 300.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. nóvember 2008 þar til mánuður er liðinn frá því ákærðu var kynnt bótakrafan, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. laganna. Þá er krafist skaðabóta vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu, til vara að ákærðu verði ekki gerð sérstök refsing, en til þrautavara að ákærðu verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og að refsing verði alfarið bundin skilorði. Þá er þess krafist að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara að sýknað verði af bótakröfum, en til þrautavara að þær verði lækkaðar verulega. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, verði felldur á ríkissjóð.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá aðfaranótt þriðjudagsins 4. nóvember 2008 barst lögreglu tilkynning kl. 3:37 um að ákærðu í máli þessu hefði verið nauðgað. Hefði henni verið „hent út úr“ bifreiðinni ... á bifreiðastæði við verslanamiðstöð við Löngurima í Reykjavík en gerendur, sem væru þrír talsins, væru í bifreiðinni á leið brott úr Grafarvogshverfinu. Örskömmu síðar var bifreiðin stöðvuð á Höfðabakka og reyndist ökumaður vera Y, en með honum í bifreiðinni voru P og A. Voru mennirnir handteknir og færðir á lögreglustöð. Fóru lögreglumenn að Löngurima og hittu ákærðu sem þar stóð á bifreiðastæðinu. Var hún mjög ölvuð að sjá. Hún var ekki grátandi, en í nokkru uppnámi, talaði viðstöðulaust og fór úr einu í annað. Var erfitt að fá framburð hennar, en hún sagði fjóra menn hafa nauðgað sér í húsi sem væri í hverfinu ofan við Sundahöfn. Var ákærða flutt á Neyðarmóttöku Landspítala-háskólasjúkrahúss til aðhlyningar. Er þangað kom ræddu lögreglumennirnir Páll Ástþór Jónsson og Grétar Stefánsson við ákærðu. Sagðist ákærða hafa verið að skemmta sér á bar í Kópavogi um kvöldið, ásamt B vinkonu sinni. Hefðu þær hitt þrjá menn, þá Binna, Trausta og Kalla, en hún hefði aðeins kannast við Kalla. Hefði Binni boðið þeim heim til sín og þær farið með þeim í bifreið. Eftir að þær hefðu verið í um hálf tíma í samkvæminu heima hjá Binna hefði Trausti beðið hana að koma með sér inn í herbergi, sem hún hefði gert. Hann hefði síðan byrjað að afklæðast og verið orðinn nakinn. Allt í einu hefði Binni einnig verið kominn inn í herbergið. Hann hefði þvingað hana til að hafa kynferðismök við Trausta. Hún hefði fyrst haft munnmök við Trausta, en hann síðan fengið sáðlát í leggöng hennar. Á meðan á þessu stóð hefði Binni staðið yfir þeim eins og stjórnandi og hefði hann verið með fingur í leggöngum hennar. Hún hefði ekki viljað þetta en verið hrædd við mennina, þar sem þeir voru tveir með

henni einni. Þegar þetta var yfirstaðið hefði hún klætt sig og farið aftur fram. Þá hefði maður að nafni Z komið og farið að káfa á henni. Hún hefði verið hrædd við hann og sérstaklega hefði hún verið hrædd við Binna. Hefði hún farið aftur inn í herbergi með Z og Binni fylgt á eftir. Hefði Binni þvingað hana til að hafa kynferðismök við Z. Hann hefði þvingað hana til að hafa munnmök við Z og verið með fingur í leggöngum hennar á meðan, sem hefði verið mjög sársaukafullt. Hefði Z fengið sáðlát í leggöng hennar. Síðan hefði Kalli komið og hefði hún verið þvinguð til að hafa munnmök við hann, en hann hefði einnig sett getnaðarlim sinn að einhverju leyti inn í leggöng hennar. Hefði Binni staðið yfir þeim á meðan á þessu stóð og sem fyrr haft fingur í leggöngum hennar og stjórnað atburðarásinni. Sagðist hún hafa séð að Kalli vorkenndi henni. Eftir þetta hefðu þeir ekið henni á brott, en hent henni út úr bifreiðinni sem fyrr greinir. Ákærða sagði mennina hafa verið með ... hund sem þeir hefðu sigað á hana og hefði hundurinn glefsað í hana. Í skýrslunni kemur fram að ákærða hafi verið í nokkru uppnámi og óðamála er hún ræddi við lögreglumennina, en framburður hennar hefði verið stöðugur og hún ekki virst eiga í neinum vandræðum með að lýsa atburðarásinni ítrekað og hefði það alltaf verið á sama hátt.

Ákærða gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun á Neyðarmóttöku um nóttina. Í skýrslu Önnu Þórhildar Salvarsdóttur kvensjúkdómalæknis um skoðunina er meðal annars haft eftir ákærðu að gerendur hafi verið þrír, Binni, Tryggvi og Z. Í hluta skýrslunnar, sem ber fyrirsögnina frásögn sjúklings, er höfð eftir ákærðu lýsing atvika sem er í meginatriðum samhljóða því sem greinir í frumskýrslu lögreglu að öðru leyti en því að fram kemur að ákærða hefði ekki haft kynferðismök við þann mann sem hún nefndi Kalla. Kemur fram að vinkona ákærðu hefði komið inn í svefnherbergið og hneykslast á henni og ekki trúað að hún væri að þessu. Einhvern tíma á meðan á þessu stóð hefðu mennirnir rétt henni peninga sem hún hefði tekið við. Eftir að allt var yfirstaðið hefði Binni ætlað að aka þeim vinkonunum heim og hefðu Kalli og Tryggvi líka verið í bifreiðinni. Hefði B verið ekið fyrst heim, en ákærða setið í aftursæti að spjalla við Kalla og gjarnan viljað aka aðeins um með þeim. Hefði verið ekið upp í Grafarvog, en þar hefði Binni skyndilega stöðvað bifreiðina í Rimahverfi, farið út úr bifreiðinni, opnað afturhurðina þar sem ákærða sat, gripið undir handakrikana á henni og hent henni út úr bifreiðinni þannig að hún fór í hálfhring og lenti á hnjánum. Hún hefði náð að sjá númer bifreiðarinnar og hringt í lögreglu, öskureið. Kemur fram að ákærða hafi verið með roða og fleiður á hægri hné, sem komi heim og saman við þá lýsingu að hún hafi lent á hnjánum er henni var kastað út úr bifreiðinni.

Meðal gagna málsins er matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsett 10. desember sl., þar sem fram kemur að í blóðsýni sem tekið var úr ákærðu við læknisskoðun á Neyðarmóttöku mældist magn alkóhóls 0,99 ‰. Þá mældust 700 ng/ml af amfetamíni í blóði ákærðu. Magn alkóhóls í þvagsýni mældist 1,40 ‰.

Að lokinni læknisskoðun ræddi Börkur Árnason rannsóknarlögreglumaður við ákærðu á lögreglustöð. Í skýrslu sem lögreglumaðurinn hefur ritað um samtalið er höfð eftir ákærðu lýsing á atvikum og er sú lýsing í meginatriðum á sama veg og það sem haft var eftir henni í frumskýrslu.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var Z handtekinn á heimili sínu síðdegis þann 4. nóvember. Gengust mennirnir fjórir undir réttarlæknisfræðilega skoðun í kjölfar handtöku. Sama kvöld úrskurðaði héraðsdómur mennina í gæsluvarðhald til 11.

nóvember að beiðni lögreglu. Af gögnum málsins verður ráðið að þeir voru leystir úr gæsluvarðhaldi þann 6. nóvember. Þá kemur fram að með bréfum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til manna fjögurra, dagsettu 30. janúar sl., var þeim tilkynnt að lögregla hefði hætt rannsókn málsins þar sem ekki þætti lengur grundvöllur til að halda rannsókninni áfram, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Meðal gagna málsins er mynd- og hljóðupptaka sem lögregla fann í farsíma A. Á myndskaiðinu sjást karl og kona, sem þekkjast sem ákærða og Z, nakin á rúmdýnu og virðast þau vera í einhvers konar kynlífsathöfnunum. Þá heyrir ákærða ræða við einhvern sem virðist vera sá aðili sem er að taka upp myndskaiðið og kallar hún hann Trausta.

Þá eru meðal gagna málsins tvær hljóðupptökur sem fundust í farsímum Y og Z. Á upptökunni í farsíma Y heyrir kona segja eftirfarandi: „Ég ætla að fucking fá það, einhvern bónus skilurðu. Annars fæ ég fyrir málið og segi algjör nauðgun skilurðu.“

Á upptökunni í farsíma Z heyrast þau B ræða saman og kemur fram hjá B að hún sé miður sín vegna þess að maður sem hún nafngreindir ekki hafi tekið hana hálstaki. Z vísar þessu á bug og segist hafa séð að hann hafi aðeins ýtt við henni. Þá kemur fram hjá Z að hún sé eitthvað miður sín yfir því að vinkona hennar sé að láta hafa við sig kynferðismök inni í herbergi, „en hún er að biðja um það og hún vill meira sko, þú hlýtur að hafa séð það, sástu það“. Þá spyr Z B hvort hún haldi að „hún eigi eftir að fá mórál yfir þessu á morgun“. B segir að sig langi bara að fara heim og biður strákana að spyrja hana hvort hún sé ekki að verða búin. Þá segist hún aldrei hafa séð X í svona slæmu ástandi áður. Z svarar því til að B þurfi ekki að spinna neina lygasögu út frá þessu. Eftir þetta heyrir upptaka af samtali sem á sér stað í öðru herbergi á milli ákærðu, Z og þriðja manns sem verður ráðið af gögnum málsins að er P. Segir Z við ákærðu að vinkona hennar sé orðin óþolinmód og virðist reyna að fá hana til að klæða sig í föt. Virðist ákærða ekki sinna þeirri málaleitan, en beina því til manna að hafa við sig kynferðismök. Heyrir ákærða meðal annars beina eftirfarandi orðum til Z: „Ekki einu sinni fimm mínútur enn, fimm mínútur enn, það er allt sem ég þarf. Ég verð að fá að finna eitthvað fucking fyrir þér inni í mér, þú veist ég er búin að fucking totta ykkur í allt kvöld (...)“

Tekin var skýrsla af ákærðu hjá lögreglu þann 6. nóvember sl. Lýsti hún atvikum þá með svipuðum hætti og fyrr, en sagði þó þann manna sem síðastur var í herberginu með henni ekki hafa haft við hana kynferðismök. Var ákærðu kynnt fyrrgreind hljóðupptaka sem fannst í síma Y og kannaðist hún við rödd sína á upptökunni. Var á henni að skilja að hún hefði í samtalinu verið að falast eftir peningagreiðslu svo að henni liði aðeins betur yfir því sem hefði gerst.

Ákærða gaf skýrslu fyrir dómi daginn eftir og lýsti atvikum með sama hætti og fyrr, en kvaðst þó ekki muna hvort hún hefði haft kynferðismök við þann mann sem hún nefndi Kalla. Var ákærðu jafnframt kynnt fyrrgreind hljóðupptaka sem fannst í síma Z. Sagðist hún ekki muna nákvæmlega eftir samtalinu. Hún hefði fengið „spítt“ hjá Binna og myndi miklu minna af því sem gerðist eftir það.

Ákærða gaf enn skýrslur hjá lögreglu þann 1. desember og 5. mars sl. Við fyrri skýrslutökuna var ákærða spurð út í fyrrgreindar upptökur úr símunum Z og Y og

jafnframt kynnt hljóðupptaka og myndskreið sem fundist hafði í síma A. Hélt ákærða fast við fyrri framburð um að hún hefði sætt kynferðisbroti af hálfu mannanna. Við síðari skýrslutökuna sagðist ákærða hafa fengið „blackout“, líklega vegna fíkniefnaneyslu og hefðu mennirnir misnotað sér ástand hennar.

Meðal gagna málsins er skýrsla Brynjars Emilssonar sálfræðings, dagsett 19. desember sl., sem að beiðni lögreglu lagði mat á þroska og heilbrigðisástand ákærðu. Í niðurlagi skýrslunnar kemur fram að um sé að ræða aldursvarandi stúlku með eðlilegan þroska. Ekki mælist nein geðræn einkenni eða annað slíkt sem gefi tilefni til að ætla að hegðun og hugsun sé skert. Hún sé eðlilega greind og persónuleikaprófíll sýni einstakling sem sé í jafnvægi og vel aðlagður samfélaginu. Helst komi fram að hún virðist vera undanlátssöm, sem styðji að hluta til þá frásögn hennar að hún hafi gert það sem henni var sagt og ekki þorað að standa fyrir sínu. Hins vegar styðji upplýsingar sem komi fram á upptökum það ekki, en líklegt sé að fíkniefna- og áfengisneysla geti hafa haft þau áhrif að hún hegðaði sér ekki í samræmi við það sem henni er vanalegt.

Þá er í gögnum málsins vottorð Þórunnar Finnsdóttur sálfræðings, dagsett 19. september sl., sem átti viðtöl við ákærðu eftir tilvísun deildarstjóra á Neyðarmóttöku. Í niðurstöðukafla vottorðsins kemur fram að frásögn ákærðu sé trúverðug og tilfinningaleg ásýnd í samræmi við það sem um er rætt hverju sinni. Sálræn einkenni sem hún og móðir hennar lýsi, niðurstöður sjálfsmatskvarða, tilfinningaleg ásýnd í viðtölum og viðbrögð í sálrænni úrvinnslu samræmist vel og bendi til þess að ákærða hafi orðið fyrir alvarlegu sálrænu áfalli þann 4. nóvember sl. Þróun sálrænna einkenna sé í fullu samræmi við þróun áfallastreitueinkenna, sem hægt sé að rekja til kynferðislegs ofbeldis.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærða sagðist hafa verið með B, vinkonu sinni, á veitingastað í Kópavogi kvöldið sem um ræðir og hitt þar fyrir utan þrjá stráka sem kynntu sig sem Binna, Kalla og Trausta. Hefðu þær B farið með strákunum heim til eins þeirra. Þegar þangað kom hefðu þau farið að spjalla. Hundur sem Binni átti hefði verið þarna í íbúðinni og hefði hundurinn farið að naga skó hennar. Ákærða sagðist hafa skammað hundinn vegna þessa, en Binni tekið því illa, tekið í hana og hrist hana. Sagðist ákærða hafa verið smeyk við Binna eftir þetta. Skömmu eftir þetta atvik hefði fjórði maðurinn, Z, komið í íbúðina. Trausti hefði beðið hana að koma með sér inn í herbergi og hefði hún fylgt honum þangað. Hefði Binni komið inn í herbergið til þeirra. Binni hefði hjálpað henni úr fötunum og sagt henni að hafa munnmök við Trausta. Hann hefði rífið í hár hennar, látið hana hafa munnmök við Trausta og sett fingurna í leggöng hennar. Hún hefði ekki þorað annað en að gera þetta. Þegar það var afstaðið hefði Trausti farið að klæða sig og hún ætlað að gera það sama, en Binni stöðvað hana og sagt að þetta væri ekki búið. Þá hefði Z komið inn, afklæðst og lagst niður. Hefði Binni sagt henni að hafa munnmök við Z en hún neitað því. Binni hefði þá rífið í hár hennar og síðan hefði allt gengið fyrir sig eins og í fyrra skiptið. Þegar þessu lauk hefði Kalli komið inn í herbergið og lagst upp í rúmið. Í því hefði B opnað hurðina á herberginu og hefði Binni þá rokið út. Eftir smástund hefði Kalli staðið á fætur og hefðu þau klætt sig og farið fram. Ákærða sagði að á meðan á þessu stóð inni í herberginu hefði Binni „mokað“ í hana amfetamíni. Hún hefði

jafnframt verið búin að neyta áfengis, hefði hún drukkið um það bil fjóra bjóra fyrr um kvöldið. Ákærða sagðist ekki hafa orðið þess vör að verið væri að taka samskipti hennar við mennina upp á síma. Hún sagðist ekki vefengja þær upptökur sem lögju fyrir í málinu, en gæti lítið um þær sagt þar sem hún myndi ekki eftir þessu.

Ákærða kannaðist við að B hefði spurt hana í bifreiðinni á leiðinni heim hvort hún vildi ekki koma með sér heim. Hún hefði hins vegar aðeins viljað komast heim til sín. Síðar bar ákærða því við að hún hefði látið mennina aka sér upp í Grafarvog þar sem hún hefði ekki viljað að þeir vissu hvar hún ætti heima. Þá svaraði hún því til að hún hefði ekki viljað yfirgefa bifreiðina með B þar sem hún hefði viljað að vinkona hennar slyppi og ekkert kæmi fyrir hana.

Ákærða sagði minni sitt hafa verið orðið lélegt þegar Kalli kom inn í herbergið til hennar í lokin. Hún myndi ekki eftir samskiptum við hann. Upptökurnar sem um ræðir væru frá því eftir þetta þegar hún hélt að allt væri yfirstaðið.

Ákærða sagði þessa atburði hafa haft mikil áhrif á líf sitt. Hún hefði hætt með kærasta sínum stuttu síðar, lokað sig af og lent í óreglu um tíma.

Vitnið A sagðist í umrætt sinn hafa hitt ákærðu utan við skemmtistað í Kópavogi þar sem hann hefði verið ásamt P og Y. Hefðu ákærða og önnur stúlka komið með þeim heim til Y í íbúðina við ... Ákærða hefði verið „snarrugluð“. Hún hefði haft fíkniefni meðferðis sem hún neytti í bifreiðinni á leiðinni og heima hjá Y. Vitnið sagðist hafa „sofið hjá“ ákærðu í herbergi Y. Enginn hefði verið með þeim meðan á þessu stóð og allt verið í góðu á milli þeirra. Hann sagðist halda að P hefði einnig sofið hjá ákærðu, en mundi ekki með Z. Hann myndi ekki eftir því að hafa tekið myndir á farsíma sinn af stúlkunni með einhverjum mönnum. Þeir hefðu ekki haft áhuga á því að ákærða vissi hvað þeir hétu. Hún hefði spurt þá hvort þeir hétu ákveðnum nöfnum og hefðu þeir svarað því játandi. Vitnið sagðist hafa verið með í bifreiðinni þegar ákærðu og vinkonu hennar var ekið heim. Ákærða hefði ekki viljað yfirgefa bifreiðina. Hún hefði í fyrstu sagst eiga heima í Kópavogi og síðar í Grafarvogi, en alltaf þegar komið var þangað sem hún vísaði sagðist hún eiga heima einhvers staðar annars staðar. Þessu hefði lokið með því að þeir hefðu „hent“ henni út úr bifreiðinni.

Vitnið sagðist minna að þau ákærða hefðu farið fram eftir að hafa verið saman í herberginu. Hann sagðist ekki hafa séð hana með neinum öðrum þarna. Hann vísaði því á bug að ákærða hefði ekki viljað hafa kynferðismök við hann. Hún hefði reynt ítrekað að fá hann aftur inn í herbergi eftir að þau höfðu verið saman. Hún hefði óskað eftir kynferðismökum við þá og „blaðrað og blaðrað“. Er vitninu var sýnt myndskleið sem vistað var í síma hans þar sem Z og ákærða sjást í kynmökum sagðist hann ekki kannast við að hafa séð þetta á sínum tíma, en vel gæti verið að rödd hans kæmi þarna fram á hljódupptöku og að hann væri sá maður sem heyrðist að ákærða kallaði Trausta.

Vitnið sagði það hafa fengið mjög á sig að vera handtekinn og hnepptur í gæsluvarðhald. Hann hefði aldrei verið lokaður inni svona lengi. Þá hefði hann vitað að allir myndu halda að hann hefði nauðgað stúlku, þar með talið kærasta hans.

Vitnið Y sagði þá P og A hafa hitt ákærðu utan við veitingastað í Kópavogi og hefði hún fljótlega farið að láta vel að A. Ákærða og vinkona hennar hefðu komið með þeim í íbúðina í ... þar sem hann bjó. Þar hefðu strákarnir verið með ákærðu. Fyrst hefði A farið með ákærðu inn í herbergi. Vitnið neitaði að hafa verið með þeim þar inni, en sagðist hafa gengið fram hjá herberginu og séð hvað var að gerast, þ.e. að A var með ákærðu. Vitnið sagðist hafa yfirgefið íbúðina um skeið og farið að sækja hundinn sinn. Um þetta leyti hefði Z komið á staðinn. Vitnið sagði að þegar hann kom til baka hefði ákærða verið alveg stjórnlaus. Hún hefði viljað hafa kynferðismök við þá alla og verið að káfa á þeim. Hún hefði verið með öllum inni í herbergi. Sagðist vitnið hafa tekið eina mynd á síma sinn af því sem átti sér stað. Honum hefði fundist eitthvað grunsamlegt hvernig ákærða hagaði sér, haft á tilfinningunni að einhver vandræði hlytust af þessu og viljað „hafa þetta svart á hvítu“. Hann sagðist ekki hafa séð ákærðu neyta fíkniefna, en kæmi ekki á óvart að svo hefði verið. Hann neitaði því alfarið að hafa látið ákærðu fá fíkniefni.

Vitnið sagði að þegar þeir voru að aka ákærðu heim hefði hún fyrst sagst eiga heima í Kópavogi. Þegar þau komu í hverfið sem hún nefndi hefði hún hins vegar sagst eiga heima í Grafarvogi. Þegar þangað kom hefði hún svo sagst eiga heima í Breiðholti. Vitnið sagðist þá hafa togað ákærðu út úr bifreiðinni. Hún hefði sturlast og hent bjór í bílinn. Hann taldi verið geta að ákærða hefði dottið aðeins þegar hann togaði hana út.

Vitnið kannaðist við að þeir hefðu ekki kallað sig sínum nöfnum, en þeir hefðu ekki viljað að þessi stúlka þekkti þá, meðal annars vegna þess að A átti kærustu. Hann kannaðist við að hann hefði kallað sig Binna og sagði geta verið að A hefði kallað sig Trausta og P Kalla.

Vitnið sagði sér ekki hafa fundist að ákærða hefði verið beitt misnotkun, eða að hún hefði verið fórnarlamb. Þetta hefði verið „siðlaust en alveg löglegt“. Ákærða hefði viljað fá að vera þarna áfram um nóttina hjá honum. Spurður um það hvað hann ætti við með „siðlaust en löglegt“ sagði vitnið að hún hefði viljað þetta. Hann neitaði því að hafa beitt ákærðu ofbeldi. Þá sagðist hann ekki hafa tekið B hálstaki, heldur hefði hann ýtt við henni.

Spurður um afleiðingar og áhrif þess að vera handtekinn vegna málsins sagðist vitnið hafa verið handtekinn áður en aldrei verið niðurlægður svona mikið af „íslenska kerfinu“. Þá hefði það sem gerðist haft slæm áhrif á einkalíf hans, þ.e. samskipti hans við kærustu og foreldra hennar.

Vitnið Z sagðist hafa komið í heimsókn til Y um klukkan eitt umrædda nótt og hefðu þá Y, og A verið þar fyrir ásamt stúlkunum tveimur. Þau hefðu setið inni í stofu í einhvern tíma, en síðan hefðu þeir A farið með ákærðu inn í herbergi og hann haft kynferðismök við hana. Hefði A farið út úr herberginu á meðan á þessu stóð. Vinkona ákærðu hefði bankað á dyrnar, en ákærða sagt henni að fara. Hann hefði síðan farið aftur inn í stofu, en P farið inn til ákærðu. Vinkonan hefði opnað dyrnar á herberginu og séð ákærðu og P þar saman. Hefði hún orðið mjög ósátt við það, en ákærða rekið hana í burtu. Eftir það hefði vinkonan komið inn í stofu og farið að rífast við Y, sem hefði endað með því að hann ýtti henni utan í dyrnar. Hún hefði þá byrjað að æsa sig við þá og haft orð á því að þetta væri ekki í lagi. Vitnið sagðist hafa fengið leiðinda tilfinningu og ákveðið að taka upp á símann sinn

samræður þeirra við stúlkurnar. Y hefði verið orðinn pirraður og viljað losna við fólkið og hefði hann því drifið sig heim.

Vitnið sagðist ekki hafa séð ákærðu neyta fíkniefna, en ekki geta útilokað að hún hefði gert það. Ákærða hefði ekkert haft á móti því að hafa kynferðismök við hann og Y hefði ekki haft nein afskipti af þeim samskiptum.

Vitnið sagði þetta mál hafa haft ömurlegar afleiðingar fyrir sig. Það hefði gengið nærri honum að gangast undir læknisrannsókn. Þá hefði fjölskylda hans heyrt af þessu máli og áreiðanlegt væri að margir héldu að hann hefði gert það sem ákærða hefði haldið fram.

Vitnið B sagðist hafa verið með ákærðu á veitingastað í Kópavogi og hitt þrjá menn sem kölluðu sig Binna, Kalla og Trausta. Hefðu þær farið með mönnunum í bifreið í íbúð við ... og sest þar inn í stofu. Ákærða hefði farið með Trausta inn í herbergi. Þau hefðu svo komið aftur fram, en vitnið sagðist ekki vita hvað þeim fór á milli í herberginu. Hún sagðist halda að Binni hefði einnig farið inn í herbergið, en komið fram aftur. Hún sagðist ekki hafa tekið eftir neinu skrýtnu í fari ákærðu þegar hún kom aftur út úr herberginu, allt hefði verið í góðu. Í kjölfarið hefði hundurinn hans Binna farið að naga skó ákærðu og hefði Binni tekið í hana fyrir að skamma hundinn. Eftir þetta hefði ákærða farið á salernið og ekki komið aftur inn í stofu. Vitnið sagðist hafa áttað sig á því að tveir mannanna voru komnir með ákærðu inn í herbergi, þeir Trausti og Binni. Svo hefði Z komið í heimsókn og hann líka farið inn í herbergið. Vitnið sagðist í raun hafa verið ein með Kalla í stofunni nánast allt kvöldið, en hin fjögur hefðu verið inni í herberginu. Hún sagðist ítrekað hafa spurt hvað væri í gangi í herberginu og hefði henni verið sagt að það væri bara „trúnó“. Loks hefði hún ætlað að ganga úr skugga um hvað ætti sér stað þarna, en þá hefði Trausti, sem hefði verið kominn fram, sagt henni að hún mætti ekki fara inn í herbergið. Hún hefði farið út til að pissa vegna þess að salernið hefði verið bilað, en þá hefði henni verið sagt að skilja símann sinn eftir og minnti hana að það hefði verið Trausti sem lét hana gera það. Henni hefði ekkert litist á blikuna þegar þarna var komið og fundist þetta eitthvað skuggalegt. Þá hefði Z verið kominn fram úr herberginu, en Kalli farinn þangað inn. Hún hefði ákveðið að fara inn í herbergið og reynt að opna hurðina, en það hefði verið einhver fyrirstaða eins og streist væri á móti. Loks hefði Binni rífið upp hurðina og hún þá séð hvar ákærða lá nakin í rúmi og Kalli þar hjá henni með buxurnar dregnar niður fyrir hné. Hún hefði sagt ákærðu að koma sér í fötin og að þær skyldu koma sér út. Henni hefði fundist ákærða eins og út úr heiminum og allt öðruvísi en þegar þær komu í íbúðina. Binni hefði brugðist illa við og sagt vitninu að halda kjafti. Því næst hefði hann tekið hana hálstaki og haldið henni þannig upp við vegg í dagóðan tíma áður en hann sleppti. Hún sagðist hafa verið í sjokki eftir þetta og gengið inn í stofu. Hún hefði sagt við Z og Trausta að hún skyldi ekki hvað væri að þessum mönnum. Hvernig þeir gætu lagt hendur á kvenfólk og hvernig þeir gætu gert stelpunni þetta í þessu ástandi. Binni hefði komið fram og hún hefði spurt þá hvað væri í gangi þarna inni og hvað þeir væru að gera. Þeir hefðu svarað því til að vinkona hennar væri að „bjóða upp á þetta“. Hún hefði spurt á móti hvort ekki væri í lagi með þá. Ákærða hefði komið fram úr herberginu. Hún hefði verið fámál, en sagst ætla að tala við vitnið síðar. Þau hefðu farið út í bifreið og hefðu þær ákærða ekki fengið að sitja saman þar. Vitnið sagðist hafa beðið ákærðu að koma með sér heim því að henni hefði ekki fundist þetta vera öruggt. Ákærða hefði neitað því og sagst ætla heim til sín að sofa. Það hefði eiginlega ekkert verið hægt að ræða við hana. Morguninn eftir hefði

móðir ákærðu hringt og sagt henni að ákærðu hefði verið nauðgað. Vitnið sagði það ekki hafa komið sér á óvart þar sem hún hefði ekki fengið að fara inn í herbergið. Hins vegar treysti hún sér ekki til að segja til um það hvort eitthvað á vettvangi benti til þess að ákærðu hefði verið nauðgað. Vitnið giskaði á að þær hefðu verið í um tvær klukkustundir í íbúðinni. Ákærða hefði verið nær allan tímann inni í herbergi á meðan þær voru þarna.

Vitnið *Brynjar Emilsson sálfræðingur* sagði ákærðu hafa í viðtölum við sig lýst einkennum sem væru þekkt sem afleiðingar áfallastreitu. Hún hefði lýst martröðum, svefntruflunum og óöryggi. Ótvírætt væri að þessi einkenni tengdust þessum atburði, en þau hefðu komið fram í kjölfarið. Hins vegar segðu þau ekkert um orsakir, hvort hún hefði gert eitthvað rangt eða einhver annar henni. Þeir sem brjóti af sér geti fengið áfallastreitueinkenni. Þekkt sé að ef fólk geri hluti sem samræmist ekki þeirra „karakter“ reyni það að útskýra það sem gerðist, jafnvel með því að búa til nýjar minningar. Ekki væri víst að ákærða hefði verið með á nótunum þetta kvöld þar sem mikið magn amfetamíns og áfengi mældist í blóði hennar. Hún hefði sagst ekki muna allt sem gerðist. Þegar svo háttáði reyndi fólk oft að fá botn í það sem gerðist eftir á. Það gæti skýrt það að ákærða upplifði að henni hefði verið nauðgað. Minni fólks sé þannig að það geti búið til nýjar minningar sem það trúir. Þetta sé vel þekkt hjá fólki sem verði fyrir áfalli. Vitnið sagðist telja að það sem gerðist umrætt kvöld hefði verið „mjög ólíkt hennar karakter“.

Vitnið sagði jafnframt að einkenni áfallastreituröskunar gætu samrýmst því að ákærða hefði þolað kynlíf án þess að vilja það. Yfirleitt kæmu svona einkenni fram í kjölfar eins atviks og yfirleitt vegna þess að viðkomandi yrði hræddur, upplifði mikla ógn eða skelfingu. Það gæti verið vegna atburðanna um kvöldið, en einnig sökum þess að hún áttaði sig á því daginn eftir hvað hefði gerst. Ekkert í hans könnun hefði gefið til kynna að hún hefði lent í öðru óhappi sem skýrt gætu þessi einkenni. Einkennin hefðu líka komið fram strax daginn eftir. Því teldi hann þau afleiðingar atburðarásarinnar um nóttina.

Vitnið *C*, móðir ákærðu, sagðist hafa orðið vör við miklar breytingar á hegðun dóttur sinnar eftir þennan atburð. Hún hefði verið mjög ábyrg, dugleg og samviskusöm og venjulegur unglingur í alla staði. Eftir þetta áfall hefði hún verið eins og „lifandi dauð“. Líðan hennar fyrst á eftir hefði einkennst af ótta, áhugaleysi og depurð. Hún hefði lokað sig af og um tveimur mánuðum síðar hefði hún lent í mikilli óreglu, sem hún hefði aldrei átt við að stríða áður. Öll gleði hefði horfið úr henni. Vitnið sagði líðan stúlkunnar þó hafa batnað á síðustu vikum.

Vitnið *D*, móðursystir ákærðu, sagði hana hafa verið venjulega og lífsglaða unga stúlku fyrir þetta atvik. Hún hefði verið dugleg með systkini sín og kát og glöð heima fyrir. Eftir þetta hefði ekkert líf verið í augunum hennar. Hún hefði lokað sig af, verið taugaveikluð og ekki farið út í langan tíma. Að undanfögnu væri hún byrjuð að brosa aftur og virtist öruggari með sig.

Vitnið sagði ákærðu hafa sagt sér og móður sinni að hún hefði orðið fyrir „hópnaudgun“ þar sem þrír eða fjórir menn hefðu verið að verki. Hún hefði ekki lýst þessu í smáatriðum og þær ekki gengið á hana. Hún hefði þó sagt að mennirnir hefðu haft við hana kynmök og hún hefði vitað að þeir myndu beita hana ofbeldi ef hún færi að vera með læti. Hún hefði verið komin í einhverjar aðstæður sem hún gat ekki komist út úr og verið hrædd.

Vitnið Þórunn Finnsdóttir sálfræðingur sagði ákærðu hafa sýnt einkenni sem samræmdust því að hún hefði mátt þola kynferðislegt ofbeldi. Þessi einkenni væru þekkt hjá þeim sem hefðu verið í aðstæðum þar sem þeir upplifðu sig bjargarlaus og óttaslegna. Hegðun ákærðu hefði verið mjög trúverðug miðað við að hún hefði upplifað eitthvað skelfilegt sem sæti í henni.

Vitnið Anna Þórhildur Salvardsdóttir, sérfræðingur í kvenlækningum, sem annaðist lækningaskoðun ákærðu á Neyðarmóttöku, sagði að hún hefði virst áberandi ölvuð, en hún hefði ekki greint að ákærða væri undir annarlegum áhrifum. Ákærða hefði virst áttuð og í tengslum við umhverfi sitt, lýst því sem hefði gerst og tímasetningum. Hún sagði ákærðu hafa verið mjög reiða og fannst það aðallega vera vegna þess að henni hefði verið kastað út úr bifreiðinni.

Vitnið Jakob Kristinsson, dósent við Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti að mjög hár styrkur amfetamíns hefði mælst í blóði ákærðu, eða 700 ng/ml. Lækningalegir skammtar miðist yfirleitt við minna en 100 ng/ml og í öllum tilvikum væru þeir lægri en sem næmi 150 ng/ml. Eitrunarmörk væru miðuð við 200 til 400 ng/ml og í öllum tilvikum myndi talið um eitrun að ræða ef magnið færi yfir 400 ng/ml. Ef meira en 1.000 ng/ml mælist í blóði látins manns og krufning leiði ekki aðra dánarorsök í ljós, sé talið að skýra megi andlát með amfetamíneitrun eingöngu. Vitnið sagði amfetamín hafa bæði líkamleg áhrif og áhrif á miðtaugakerfi, svo sem hækkaðan blóðþrýsting, aukinn hjartslátt o.fl. Sá sem þess neytti yrði gjarnan mjög ör, hugsanir væru ekki í góðu samhengi, líkur væru á ofskynjunum og ofsjónum. Ekki skipti máli í þessu sambandi þótt mælst hefði áfengi í blóði. Menn skynjuðu ekki umhverfi sitt með réttum hætti. Rannsóknir sýndu að dómgreind væri farin að bila þegar mældist undir 100 ng/ml amfetamíns í blóði, menn tækju meiri áhættu og slíkt. Hugsanlegt væri að um meiri áhrif en ella væri að ræða hjá 17 ára stúlku, þar sem minni líkur væru á að svo ungur einstaklingur hefði myndað mikið þol gegn amfetamíni en þeir sem eldri væru. Vitnið sagði að miðað við líklegan brotthvarfstíma amfetamíns myndi einhverjum tugum ng/ml hærri styrkur hafa mælst í blóði ákærðu tveimur klukkustundum áður en blóðsýni var tekið. Þá staðfesti vitnið að magn amfetamíns sem mældist í blóði ákærðu væri slíkt að um eitrun í klínískum skilningi hefði verið að ræða.

Vitnið Valgerður Rúnarsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum, sagði að miðað við það magn amfetamíns sem mældist í blóði ákærðu hefði hún augljóslega verið mjög „vímuð“. Þarna væri um að ræða tvöföld eða þreföld eitrunarmörk. Þetta mikla magn amfetamíns hefði mjög mikil áhrif á hugarástand og ölvunarástand. Líkaminn væri allur í örvunarástandi, aukin hvatvísi, skert dómgreind, sem hefði mikil áhrif á ákvarðanatöku. Áhrifin væru meiri hjá ungum einstaklingum þar sem þol myndist með tímanum. Auknar líkur væru á því að hægt væri að misnota einstakling í þessu ástandi. Þá hefði inntaka amfetamíns þau áhrif að auka kynhvöt. Vitnið sagði áfengi og amfetamín hafa samverkandi áhrif. Um væri að ræða vímuefni sem auki virkni hvors annars. Miðað við að hafa tekið inn svo stóra skammta af amfetamíni hlyti ákærða að hafa komið fyrir sjónir sem mjög ör, hvatvís og upptendruð. Áhrif á hegðun hennar og útlit myndu hafa verið augljós þeim sem þekktu hana.

Lögreglumennirnir Páll Ástþór Jónsson, Börkur Arnason og Grétar Stefánsson komu fyrir dóminn og báru vitni um aðkomu sína að málinu. Verður framburður

þeirra ekki rakinn frekar.

Niðurstaða

Ákærðu eru gefnar að sök rangar sakargiftir með því að hafa með röngum framburði fyrir lögreglu og fyrir dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. Ákærða neitar sök. Hafa Z, Y og A borið fyrir dómi að ákærða hafi átt kynferðismök við Z, A og P af fúsum og frjálsum vilja. Ákærða hefur á hinn bóginn borið að vilji hennar hafi ekki staðið til þess að hafa kynferðismök við mennina og hafi henni verið þröngvað til kynferðismaka. Hefur ákærða verið staðföst í framburði sínum um atvik að þessu leyti í skýrslutökum hjá lögreglu og fyrir dómi og var framburður hennar trúverðugur að mati dómsins. Þá er lýsing á atvikum sem höfð er eftir ákærðu í skýrslu um læknisskoðun á Neyðarmóttöku í fullu samræmi við skýrslur hennar hjá lögreglu og fyrir dómi.

Ákærða hefur borið að hún muni ekki eftir öllu sem gerðist og hafi minni hennar farið að bresta eftir að hún neytti amfetamíns inni í herberginu þar sem atvik áttu sér stað. Fyrir liggur að eftir atvikið mældust 700 ng/ml af amfetamíni í blóði ákærðu. Kom fram hjá vitninu Jakobi Kristinssyni að um mjög háan styrk amfetamíns væri að ræða, en eitrunarmörk væru miðuð við 200 til 400 ng/ml og rannsóknir sýndu að dómgreind væri farin að bila þegar mældist undir 100 ng/ml amfetamíns í blóði. Vitnið Valgerður Rúnarsdóttir lýsti því að svo mikið magn amfetamíns hefði örvandi áhrif á líkamann og fylgdi því aukin hvatvísi og skert dómgreind, sem hefði mikil áhrif á ákvarðanatöku. Þá hefði inntaka amfetamíns þau áhrif að auka kynhvöt.

Vitnið Brynjar Emilsson sagði ákærðu hafa lýst einkennum sem væru þekkt sem afleiðingar áfallastreitu og hefðu þessi einkenni komið í kjölfar þess atburðar sem hér um ræðir. Vitnið sagði vel þekkt að þeir, sem aðhefðust eitthvað sem samræmdist ekki þeirra „karakter“, reyndu að útskýra það sem gerðist, jafnvel með því að búa til nýjar minningar. Þeir sem muni ekki allt sem gerst hefur reyni oft að fá botn í það eftir á. Það sé vel þekkt hjá fólki sem hefur orðið fyrir áfalli að það búi til minningar sem það trúir. Þá bar vitnið Þórunn Finnsdóttir að ákærða hefði sýnt einkenni sem samræmdust því að hún hefði mátt þola kynferðislegt ofbeldi. Þessi einkenni væru þekkt hjá þeim sem hefðu verið í aðstæðum þar sem þeir upplifðu sig bjargarlaus og óttaslegna. Hefði hegðun ákærðu verið mjög trúverðug miðað við að hún hefði upplifað eitthvað skelfilegt sem sæti í henni.

Dómurinn telur að hljóðupptökur sem liggja frammi í málinu verði að virða í því ljósi að ákærða var undir miklum áhrifum amfetamíns þegar hún lét þau orð falla sem þar koma fram. Þá eru hljóðupptökur sem fundust í sínum Y og Z af samtölum sem áttu sér stað eftir að ákærða hafði haft kynferðismök við mennina. Verður ekkert af upptökunum ráðið hvað átti sér stað á milli þeirra þar á undan.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið, og með vísan til 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, er það mat dómsins að ekkert sé fram komið sem hnekki staðhæfingu ákærðu um að hún hafi skynjað atvik með þeim hætti sem hún hefur lýst. Er því ósannað að ákærða hafi haft ásetning til að bera mennina fjóra

röngum sökum svo sem henni er gefið að sök í ákæru. Verður ákærða sýknuð af kröfum ákæruvaldsins.

Skaðabótakröfum Z, Y og A er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins, 2.001.597 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns, 846.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hulda Elsa Björgvinsdóttir, settur saksóknari.

Dómsorð:

Ákærða, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Skaðabótakröfum Z, Y og A er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins, 2.001.597 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns, 846.600 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir

Arngrímur Ísberg

Guðjón St. Marteinsson